


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 2	<b>Hönnun og Textíll (HTL603)</b>	
	<b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>	

<b>Nafn kennara:</b>	<b>Karín M. Sveinbjörnsdóttir</b>	<b>Sk.stöfun:</b>	<b>KAR</b>
<b>Viðtalstímar kennara:</b>	<b>Þriðjudagur kl 11.20-12.00</b>	<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:karin@vma.is">karin@vma.is</a>

## Áfangalýsing

Lögð er áhersla á að nemendur vinni sjálfstætt að hönnunarverkefni í formi þemavinnu. Nemendur skila vandaðri hugmyndavinnu, fylgja skipulögðu vinnuferli í formi dagbókar og hugmyndamöppu þar sem tilgreindar eru forsendur fyrir hugmyndinni, framkvæmd og framvindu verksins auk undirbúnings í tilrauna eða rannsóknarvinnu. Nemendur velja svo í hvaða miðli þeir koma hugmynd sinni á framfæri.

## Áfangamarkmið

Að nemandi:


sé fær um að taka sjálfstæða ákvörðun varðandi verkefnaval  
hafi þjálfast í sjálfstæðum, faglegum og skapandi vinnubrögðum varðandi framkvæmd verksins  
geti hugleitt útlit, notagildi, öryggi og áreiðanleika  
geti sett fram vinnuáætlun og greint verkþætti  
geti unnið vandaða hugmyndavinnu í formi eigin teikninga, prufuvinnu, ljósmynda o.fl.  
geti endurmetið hugmyndir sínar og framkvæmd verksins á öllu vinnuferlinu  
sé fær um að rýna í eigið verk og rökstyðja niðurstöður bæði munnlega og skriflega  
geti komið vinnu sinni á framfæri í formi kynningar og sýningar  
hafi fengið innsýn í atvinnusvið fata- og textilhönnunar

## Námsmat

Námsmat	Lýsing	Vægi
Vinnuáætlun	Nemandi skipuleggur vinnu annarinnar í samráði við kennara	5 %
Dagbók	Dagbókarfærslur yfir vinnu nemanda við lokaverk	5 %
Skissuvinna	Skissu og hugmyndavinnu sett fram á greinagóðan hátt	10 %
Lokaverk	Lokaverk og mappa yfir ferlið	30 %
Lokamat og yfirferð	Yfirferð kennara áfangans og annara kennara brautarinnar	50 %

## Fjarvistir

Skildumæting er í fastar kennslustundir með kennara, að öðru leyti ber nemandi ábyrgð á sinni vinnu.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 06		
Dags.: 29.05.2009		
Höfundur: GLÁ		
Sampykkt: HJS		
Síða 2 af 2	<b>Hönnun og Textíll (HTL603)</b>	<b>Kennsluáætlun (vorönn 2010)</b>

### Skipulag annarinnar

Vika	Námsefni	Verkefni
1-2	Kynning á áfangunum og kennsluáætlun afhent	Vinnuáætlun Skil 19. janúar
3-12	Skissuvinna og vinna að lokaverki	Skissu og hugmyndavinna Skil 16. febrúar Lokaverk Skil 13. apríl
13-14	Möppuvinna. Vinna að sýningarskrá í samráði við MYL603 og uppsetning á lokasýningu	Vinna að möppugerð og sýningu Skil 30. apríl

*Athugið: Með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU, ef að fellur niður tími af einhverjum ástæðum þá riðlast INNU vikurnar sem því nemur.*

### Námsgögn

Tegund	Námsgögn
Bækur	Ýmsar textílfagbækur
Tímarit	Tísku og híbýlablöð, textílblöð, tímarit á netinu og svo framv.

### Innkaup

Nemendur velja þann miðil sem þeim hentar, útvega efni sjálfir og borga fyrir það en fá pappír og liti til skissuvinnu hjá skólanum.

**Mjög mikilvægt er að nemendur vinni heimavinnu jafnt og þétt á milli tíma til að ná settum markmiðum og árangri.**

Verkefni sem ekki verða sótt á skiladegi annarinnar verða geymd í 1 ár án ábyrgðar!

Með fyrirvara um breytingar  
Karán M. Sveinbjörnsdóttir

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils